

Starfsreglur ráðgjafarnefndar um hæfi stjórnarmanna

Tilgangur

1. gr.

Ráðgjafarnefnd um hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga, váttryggingamiðlana og lífeyrissjóða starfar í samræmi við eftirlitsskyldu Fjármálaeftirlitsins skv. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tilnefning nefndarinnar

2. gr.

Fjármálaeftirlitið tilnefnir þriggja manna ráðgjafarnefnd um hæfi stjórnarmanna og jafnframt formann hennar til eins árs í senn. Nefndarmenn skipta að öðru leyti með sér verkum.

Starfssvið og störf nefndarinnar

3. gr.

Fjármálaeftirlitið getur óskað eftir umsögn ráðgjafarnefndar um hæfi stjórnarmanns, ef ástæða þykir til, að teknu tilliti til umfangs á starfsemi viðkomandi eftirlitsskylds aðila þ.á m. starfsleyfis, reksturs og markaðshlutdeildar.

Gagnasöfnun

4. gr.

Fjármálaeftirlitið fer yfir innsend gögn um stjórnarmann og staðreynir þær upplýsingar sem þar koma fram.

Fjármálaeftirlitið sendir ráðgjafarnefnd skriflega beiðni um að hún taki til umsagnar hæfi stjórnarmanns þegar við á.

Ráðgjafarnefndin skal hefja störf án tafar þegar beiðnin ásamt fullnægjandi gögnum og upplýsingum hefur borist.

Framkvæmd hæfismats

5. gr.

Nefndin skal boða stjórnarmann til fundar með minnst 2 vikna fyrirvara ásamt dagskrá nema viðkomandi stjórnarmaður samþykki skemmri frest.

Forsendur hæfismats

6. gr.

Nefndin skal leggja mat á hvort stjórnarmaður teljist hæfur með hliðsjón af þeim hæfisskilyrðum laga sem gilda um starfsemi viðkomandi eftirlitskylds aðila.

Við matið skal hafa til hliðsjónar verklagsreglur um framkvæmd hæfismats, viðauka með reglum þessum og þau gögn sem liggja fyrir hverju sinni.

Umsögn nefndar um hæfi

7. gr.

Ráðgjafarnefnd skal veita Fjármálaeftirlitinu skriflega umsögn um viðkomandi stjórnarmann þar sem fram kemur rökstutt álit á hæfi hans. Umsögn skal berast Fjármálaeftirlitinu eins fljótt og auðið er, en þó eigi síðar en að 2 vikum liðnum frá fundi nefndar og stjórnarmanns.

Nefndin skal komast að samhljóða niðurstöðu. Ekki er gert ráð fyrir séráliti nefndarmanna. Umsögn ráðgjafarnefndar er ekki bindandi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Þagnarskylda nefndarmanna

8. gr.

Nefndarmönnum er skylt að gæta þagnælsku, sbr. 13 .gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, um atriði er varða stjórnarmann og þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða eru rædd á fundum nefndarinnar. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi í nefndinni.

Sérstakt vanhæfi nefndarmanna

9. gr.

Nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls og skal hann víkja sæti eigi vanhæfisreglur 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála við um hann. Nefndarmanni ber að tilkynna meðnefndarmönnum sínum telji hann sig vanhæfan. Jafnframt getur nefndarmaður krafist þess að annar nefndarmaður víki sæti vegna vanhæfis og úrskurðar þá meirihluti nefndarinnar um slíka kröfu víki nefndarmaður ekki sæti af sjálfsdáðum. Nefndarmaður getur ávallt sagt sig frá starfi nefndar telji hann sig vanhæfan til að meta hæfi viðkomandi stjórnarmanns.

Reynist nefndarmaður vanhæfur skal Fjármálaeftirlitið tilnefna annan mann í hans stað.



Vistun nefndarinnar

10. gr.

Fjármálaeftirlitið sér nefndinni fyrir fundaraðstöðu og annast fundarboðanir hennar. Fjármálaeftirlitið varðveitir umsagnir nefndar og fylgigögn.

Kostnaður nefndarinnar

11. gr.

Allur tilfallandi kostnaður vegna starfa nefndarinnar skal greiddur af einstökum eftirlitsskyldum aðilum á grundvelli nauðsynlegs umframeftirlits, sbr. 7. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Reykjavík, 10. febrúar 2010

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Gunnar Þ. Andersen

Ragnar Hafliðason